

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Raufarhafnarhreppi árið 1994.

1. gr.

Raufarhafnarhreppi er heimilt að innheimta sérstakt sorphirðugjald, kr. 3.000, vegna söfnunar og förgunar á neysluúrgangi (heimilissorpi) sem til fellur í sveitarfélaginu á árinu 1994.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytið, 25. febrúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Kópavogi á árinu 1994.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds sbr. 3. gr. c í samþykkt nr. 257/1988 um hundahald í lögsagnarumdæmi Kópavogs, skal vera kr. 7.700 á árinu 1994 með gjalddaga 1. mars.

Gjaldið skal greiðast fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið og eigi síðar en á eindaga sem er 1. apríl.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga. Gjaldið skal vera kr. 642 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði.

2. gr.

Handsömunargjald er kr. 4.000. Geymslugjald fyrir handsamaðan hund er kr. 400 fyrir hvern sólarhring umfram þann fyrsta.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Kópavogs staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. febrúar 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.